

Stjórnendur ÍA

Auglýst er eftir (sjálfboðaliðum)stjórnendum í stjórnendateymi Íslensku alþjóðabjörgunarsveitar Slysavarnafélagsins Landsbjargar (ICE-SAR).



Íslenska alþjóðabjörgunarsveitin var stofnuð árið 1999 með samkomulagi milli Slysavarnafélagsins Landsbjargar, utanríkisráðuneytisins og dómsmálaráðuneytisins. Sveitin er á viðbragðslista íslensku friðargæslunnar og fór hún í sitt fyrsta útkall árið 1999 þegar að hún fór til Tyrklands í kjölfar jarðskjálftanna sem urðu þar en þá létust meira en 18 þúsund manns. Árið 2003 fór sveitin til Alsír í kjölfar jarðskjálfta og í byrjun árs 2004 var farið til Marokkó. Auk þess fóru fjórir félagar úr ÍA í sjúkraflug til Tælands í byrjun árs 2005 eftir flóðin í Indónesíu. Sveitin var sett í viðbragðsstöðu eftir hryðjuverkaárásirnar í Bandaríkjunum og fellibylinn Katrínu og einnig þegar jarðskjálftar urðu í Pakistan 2006 og í Kína 2008. Í janúar á þessu ári fór sveitin til Haiti og var fyrsta alþjóðabjörgunarsveitin sem mætti á vettvang og gekk sá björgunarleiðangur afar vel.

Sveitin er aðallega byggð upp sem rústabjörgunarsveit en Slysavarnafélagið Landsbjörg er aðili að INSARAG sem eru regnhlífasamtök alþjóða rústabjörgunarsveita sem starfa innan Sameinuðu þjóðanna. Sveitin hefur aðsetur í húsnæði á Keflavíkflugvelli og er grunnbúnaður hennar geymdur þar. Þær einingar sem standa að sveitinni í dag eru Björgunarsveitin Ársæll, Hjálparsveit skáta Kópavogi, Björgunarsveit Hafnarfjarðar, Hjálparsveit skáta Reykjavík og Björgunarsveitin Suðurnes. Einnig koma að henni Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og Landspítalinn. Í sveitinni eru björgunarmenn sem hafa sérhæft sig í rústabjörgun, læknir, bráðataeknar, sérfræðingar í eiturefnum, fyrstuhjálpar- og fjarskiptamenn. Búnaður sveitarinnar vegur allt að 16 tonnum en umfang hans fer eftir þeim verkefnum sem sveitin er að fara í hverju sinni. Gert er ráð fyrir að sveitin geti starfað án utankomandi aðstoðar í 10-14 daga.

Sveitin fór í úttekt á vegum Sameinuðu þjóðanna í september 2009 og fékk þar vottun (External Classification) sem Medium Urban Search and Rescue Team samkvæmt reglum INSARAG.

Hlutverk og verkefni stjórnenda:

- Stjórna sveitinni í útkalli og vera fulltrúar hennar í alþjóðlegu samstarfi.
- Bera ábyrgð á því að skipuleggja æfingar og þjálfun sveitarinnar.
- Setja saman sveitina þegar til útkalls kemur og leiða hana í aðgerðum.
- Á meðan á útkalli stendur bera stjórnendur ábyrgð á öllum samskiptum við fjölmiðla á skaðasvæði og útgáfu fréttatilkynninga til Íslands.
- Sjá um samskipti við stjórn og starfsmenn Slysavarnafélagsins Landsbjargar um málefni er varða sveitina.
- Vegna útkallstíma og annarra verkefna er æskilegt er að stjórnendur séu búsettir í nálægð við höfuðstöðvar SL.

Helstu kröfur sem gerðar eru til stjórnendur ÍA er að vera:

- Félagi í Slysavarnafélaginu Landsbjörg
- 25 ára eða eldri
- Hafa starfað í björgunarsveit í a.m.k. sjö ár
- Góðir samskiptahæfileikar
- Líkamlegt þol- góð heilsa
- Reiðubúinn að fara í útkall erlendis með stuttum fyrirvara og dveljast þar í allt að 14 daga
- Góð enskukunnátta er skilyrði, bæði rit og talmál
- Kunnátta í einu norðurlandamáli er æskileg, franska, þýska eða spænska er kostur

Konur, jafnt sem karlar, eru hvattar til að sækja um. Ekki er skilyrði af hafa starfað áður með Íslensku alþjóðabjörgunarsveitinni.

Allir umsækendur sem uppfylla ofangreind skilyrði fara í ákveðið ráðningarferli. Ferilskrá þarf að fylgja umsókn ásamt því að óskað er eftir að umsækjendur vísi á meðmælendum.

Auglýst er eftir tveimur stjórnendum í stjórnendahóp alþjóðabjörgunarsveitar Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Í dag eru fjórir stjórnendur en í skipulaginu er gert ráð fyrir sex stjórnendum. Tekið er við umsóknum til 20. september 2010.

Nánari upplýsingar gefur Gunnar Stefánsson í síma : 570-5924 , 840-2500 eða með tölvupósti gunnar@landsbjorg.is